



Þinggerð 55. ársþings

10. og 11. febrúar 2001 - Ránni, Reykjanesbæ

Þinggerð 55. ársþings KSÍ,**haldið á Ránni, Reykjanesbæ****10. og 11. febrúar 2001.****Þingið setti formaður KSÍ, Eggert Magnússon, 10. febrúar kl. 10:15 og mælti svo:**

Hr. menntamálaráðherra Björn Bjarnason,
Fr. varaforseti ÍSÍ Sigríður Jónsdóttir,
Hr. bæjarstjóri Ellert Eiríksson,
Hr. forseti bæjarstjórnar Skúli Skúlason.

Ágætu þingfulltrúar og góðir gestir.

Enn einu starfsári Knattspyrnusambands Íslands er lokið, aldamótaárinu 2000. 55. ársþing KSÍ er framundan, að þessu sinni haldið í Reykjanesbæ.

Á síðasta starfsári lést Rafn Hjaltalín stjórnarmaður KSÍ. Hann starfaði á vettvangi knattspyrnunnar í áratugi. Rafn var einn okkar fremsti dómari og eflaust þekktastur í hreyfingunni af þeim störfum. Hann sat í stjórn KSÍ hátt í þrjá áratugi. Þar lét hann mest að sé kveða í dómaramálum. Hann var m.a. okkar helsti fræðimaður í knattspyrnulögunum, en einnig starfaði hann mikið að málefnum kvennaknattspyrnunnar og lét sér annt um framgang hennar. Ég bið ykkur að heiðra minningu Rafns Hjaltalíns með því að rísa úr sætum.

Einn stærsti atburður í íslenskri knattspyrnu árið 2000 fór einmitt fram í knattspyrnubænum Reykjanesbæ þegar fyrsta knattspyrnuhús á Íslandi var vígt þar í febrúar. Ég þakka ykkur forystumönnum hér í Reykjanesbæ það frumkvæði og framsýni sem þið sýnduð í þessu máli. Það er eitt og sér næg ástæða fyrir forystufólk í íslenskri knattspyrnu að mæta til ársþings í slíku fyrirmyndarbæjarfélagi þar sem öll aðstaða til knattspyrnuíðkunar er til sóma. En vígsla fyrsta knattspyrnuhússins voru merk tímamót og fleiri hús fylgja í kjölfarið, ákvörðun hefur þegar verið tekin um knattspyrnuhús í Reykjavík, Akureyri og búast má við að knattspyrnuhús rísi einnig í Kópavogi og Garðabæ á næstu árum. Hér er orðið að veruleika eitt af stóru baráttumálum íslenskrar knattspyrnu á síðasta áratug liðinnar aldar. Þó að aðeins eitt hús sé nú risið hefur það þegar haft þau jákvæðu áhrif að stór hluti Deildarbikars KSÍ fer nú fram innanhúss við bestu aðstæður á þeim tíma vetrarins þegar veður eru verst.

Ég hef áður á ársþingum KSÍ varpað fram þeirri framtíðarsýn að fjölga þurfi í Símadeild, efstu deild Íslandsmóts karla og orðað það svo að það sé framfaraskref sem nauðsynlegt sé fyrir íslenska knattspyrnu að taka þegar aðstæður eru fyrir hendi. Þetta mál hefur verið nokkuð í umræðunni í þjóðfélaginu að undanförunu væntanlega vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar knattspyrnuhúsa á næstu árum. Þetta mál hefur verið nokkrum sinnum til umræðu í stjórn KSÍ á þessu starfsári og í lok starfsársins var samþykkt á stjórnarfundum að skipa starfshóp sem í sætu fulltrúar stjórnar KSÍ en einnig fulltrúar beint frá félögunum og kallaðir yrðu til fulltrúar allra aðila í knattspyrnuhreyfingunni sem þetta mál varðar. Knattspyrnuhreyfingin er í eðli sínu íhaldssöm hreyfing sem flagnar ekki að neinu með írafári eða skammsýnum ákvörðunum sem standast ekki tímans tönn. Þetta hefur ætíð verið styrkur knattspyrnunnar og gert hana að langvinsælustu íþrótt heims. Ákvörðun um fjölgun í deild eða jafnvel deildum þarf að taka að vel athuguðu máli með réttum aðlögunartíma eftir nákvæma skoðun á öllum þáttum málsins. Hér er ekki bara um mótamál að ræða heldur einnig útbreiðslu- og fræðslumál, dómaramál, byggðamál, sveitastjórnarmál, já reyndar þjóðfélagsmál og síðast en ekki síst fjármál sem

er stórmál fyrir íslensk knattspyrnufélög, sem mörg hver eru því miður óstarfhæf vegna þröngrar skuldabyrði. Skoðum málið á þessu ári frá öllum hliðum og tókum síðan vel ígrundaða ákvörðun. Fyrir mér er ekki spurning hvort heldur einungis hvenær.

Eitt mesta áhyggjumál í íslenskri knattspyrnu í dag eru fjármál knattspyrnunnar, en mörg félög eru mjög skuldsett og eru þau nánast af þessum sökum óstarfhæf. Bjartsýnir forystumenn lenda því miður í því trekk í trekk að gangast í persónulegar ábyrgðir fyrir skuldum til að halda rekstrinum gangandi. Starfið í félögunum verður því oftar en ekki baggi fremur en skemmtileg þátttaka í jákvæðu unglinga- og íþróttastarfi. Mér er orðið ljóst að þetta getur ekki haldið svona áfram öllu lengur. Öll umgjörð knattspyrnunnar hefur gjörbreyst á undanförunum árum. Kröfunar eru meiri um aðbúnað og allt er meira "professionalt" en áður var. Ætlast er til að leikmenn æfi eins og hálfatvinnumenn og staðreyndin er sú að oft er erfitt að samhæfa kröfuharða vinnu með knattspyrnunni, ef það er þá hægt. Ég tel alveg augljóst að félögin þurfi að afla meiri tekna en þau hafa gert. Það þarf meiri metnað og kunnáttu í rekstri félaganna og því miður stoppa stjórnendur alltof stutt við í félögunum. KSÍ þarf á næstunni að koma á námskeiði fyrir framkvæmdastjóra og stjórnarmenn í knattspyrnunni þar sem farið yrði yfir öll atriði í þessum rekstri og fólki hreinlega kennt til verka. Leiðbeinendur yrðu kunnáttufólk hvert á sínu sviði. Þessi fræðsla yrði á hverju ári og nánast skylda að taka þetta námskeið. Við gerum jú t.d. strangar kröfur til þjálfaramenntunar. Ef toppurinn er ekki í lagi, þá hrannast vandamálin upp, eftir höfðinu dansa limirnir.

Það þarf líka nú þegar að taka fastari tókum og ræða fordómalaust sameiningu félaga þar sem slíkt yrði augljóslega til bóta, ég endurtek þar sem slíkt yrði augljóslega til bóta, bæði frá íþróttalegu og fjárhagslegu tilliti. Ef félag í Símadeild ætlar að ná árangri er augljóst að ná þarf í miklar tekjur. Það gerist ekki á sumum landssvæðum nema sameining eigi sér stað og því fylgir hagkvæmari rekstur og um leið markvissari tekjuöflun. Það ætti líka að auðvelda sveitafélögum að geta á markvissan hátt byggt upp betri aðstöðu fyrir áhorfendur á knattspyrnuvöllum, sem aftur þýðir fleiri áhorfendur og meiri tekjur. En ég segi við verðum að taka á þessum málum og sú vinna þolir enga bið.

Ég hef þann tíma sem ég hef verið formaður KSÍ staðið heilshugar á bak við mikla framþróun kvennaknattspyrnunnar, reyndar talið það ánægjulega skyldu mína. Ítrekað hef ég sagt í ræðu og riti að vaxtarbroddurinn í fótboltanum á Íslandi í dag væri kvennaknattspyrnan. Sú hefur líka verið raunin undarfarin ár. En nú finnst mér allt í einu viðvörunarbjöllur hringja um að eitthvað sé að. Það er vissulega hættu á ferðum þegar rótgróin félög í kvennaboltanum eru alvarlega að hugsa um að hætta þátttöku í Símadeild, efstu deild kvennaknattspyrnunnar. Ég óttast það að stuðningsfólk kvennaknattspyrnunnar sé ekki nógu duglegt að starfa að málum hennar innan félaganna. Hvort sem mönnum líkar það betur eða verr er það svo að margir sem starfa innan félaganna hafa engan áhuga á kvennaknattspyrnu og sjá eftir þeim fjármunum sem í þann málaflokk fara. Þetta er jú allt barátta um peninga. Við ykkur stuðningsfólk íslenskrar kvennaknattspyrnu segi ég, þið verðið að beita ykkur meira innan félaganna, taka þátt í starfinu, taka þátt í að afla peninga, láta í ykkur heyra. Með slíku fordæmi hafið þið meira vægi innan félaganna og getið beitt ykkur betur í baráttunni fyrir meira vægi kvennaknattspyrnunnar. Eins og staðan er í dag sýnist mér helst að KSÍ hafi farið of geyst í uppbyggingu kvennalandsliða. Þar á ég við að við höfum hreinlega farið fram úr þeirri uppbyggingu sem á sér stað í félögunum. Staðreyndin er aðvitað sú að árið 1990 var ekkert kvennalandslið starfandi, en nú eru þau 4 og oft er það þannig að sömu stúlkunar eru jafnvel að leika í mörgum landsliðum á sama tíma. Með þessum orðum á ég ekki við að KSÍ ætti að draga í land, það er öðru nær, en það vantar miklu meiri kraft í starfið að kvennaknattspyrnu í félögunum. Það læðist jafnvel að mér sá grunur að sumir hafi eytt of miklu púðri í að finna það sem að er starfinu hjá kvennalandsliðum KSÍ og gleymt að sinna starfinu í grasrótinni, þ.e. félögunum.

Ágætu þingfulltrúar.

Á síðasta ári var mjög til umræðu hjá UEFA svokölluð "licensing" kerfi fyrir öll aðildarlönd Evrópuknattspyrnusambandsins. Þetta er mjög heitt mál og sýnist sitt hverjum um þær kröfur sem þar eru settar fram til aðildarlandanna og þeirra félaga sem spila í efstu deild í hverju landi. Í stuttu máli felst í þessu að allir meðlimir UEFA þurfa að taka upp þetta "license" fyrirkomulag innan sinna vébanda. Til að byrja með gildir þetta um félög í efstu deild viðkomandi lands. Til að fá "license" þurfa félögin að uppfylla ákveðin skilyrði innan eftirfarandi 5 málaflokka.

- 1) Íþróttaleg skilyrði fela m.a. í sér:
 - a) hafa verið a.m.k. eitt ár í efstu deild.
 - b) verður að hafa virkt unglingsstarf.
 - c) vera með útbreiðslustarf á sínu svæði.
- 2) Fjármálaleg skilyrði fela m.a. í sér:
 - a) peningaleg staða sé í lagi, þannig að ekki sé hætt á að starfið geti stöðvast snögglega vegna skulda.
 - b) bókhald sé fært og gert upp samkvæmt ákveðnum stöðlum.
 - c) félögin verða að senda inn áritaða reikninga á ákveðnum tímapunktum.
 - d) ofanefndir reikningar skulu skoðaðir af óháðum utanaðkomandi endurskoðendum.
 - e) þarf að láta af hendi vegna upplýsingaskyldu alla samninga hvað varðar leikmenn, þjálfara "transfersamninga" o.fl.
- 3) Skipulagsmál fela m.a. í sér:
 - a) félögin verði að hafa hæfa framkvæmdastjóra.
 - b) skrifstofan opin a.m.k. fjóra tíma á dag.
 - c) allir þjálfarar séu menntaðir.
 - d) hafa lækni og sjúkrabjálfa.
- 4) Leikvangur og æfingaaðstaða; þar hafa verið settar fram kröfur um atriði eins og:
 - a) ákveðin fjöldi yfirbyggðra sæta.
 - b) stærð vallar 105 m x 68 m.
 - c) aðstaða fyrir fatlaða.
 - d) flóðljós.
 - e) hiti undir grasi.
 - f) öryggi áhorfenda.
 - g) salernismál.
 - h) starfsaðstaða fréttamanna.
 - i) æfingaaðstaða.
- 5) Lögfræðileg skilyrði:
 - a) aðili að viðkomandi knattspyrnusambandi.
 - b) hverjir eiga félagið.
 - c) yfirlýsing að félagið taki á sig þær skuldbindingar sem þarf til að uppfylla "licensing" kerfið.
 - d) gera skriflegan samning við UEFA vegna Evrópukeppni félagsliða.

Ég hef hér í stuttu máli reynt að lýsa fyrir ykkur hvað felst í "licensing" kerfi UEFA. Bakgrunnurinn fyrir því að þetta mál fór á fulla ferð innan UEFA er sú hættá sem fyrir hendi er og upp getur komið af og til að félög sem hefja keppni í Evrópukeppnum verði gjaldþrota á tímabilinu með þeim afleiðingum sem það getur haft. T.d. hafði UEFA verulegar áhyggjur af fjármálum Real Madrid síðustu 3 ár og ég veit þið gerið ykkur grein fyrir þeim álitshnekki sem Evrópuknattspyrnan yrði fyrir ef slíkt félag yrði gjaldþrota í miðri keppni Meistaradeildar Evrópu. Til þess að fá heimild til þátttöku í Evrópukeppnum í framtíðinni verða félög að uppfylla skilyrði þessa "licensing" kerfis. Það hafa verið mikil átök innan UEFA um þetta mál og við höfum þar barist grimmt í hópi minni og meðalstórra þjóða að kröfunum sé haldið innan skynsamlegra marka. Það er langur vegur á öllum leiðum milli annarsvegar Fram og

Fylkis og hinsvegar Barcelona og AC Milan. En eitt er ljóst þetta "licensing" kerfi mun koma innan 2 - 3 ára og við verðum að hafa tilbúið fyrir næsta ársþing KSÍ fullmótaðar tillögur að "licensing" kerfi innan okkar vébanda. Það er líka ljóst að UEFA verður að aðstoða knattspyrnusamböndin og félögin þeirra myndarlega fjárhagslega við að koma þessu kerfi á laggirnar. En auðvitað er þetta fyrst og síðast mikið framfaraskref ef horft er til framtíðar.

Annað mál sem hefur verið mikið hitamál að undanfögnu eru félagaskiptamálin innan Evrópusambandsins sem snerta okkur að sjálfsögðu. Það hefur gert þetta mál erfiðara að ekki hefur verið full eining milli UEFA og FIFA í þessu máli. Einnig að "kommiserarnir" í Brussel vilja lifa eigin lífi og oft ekki taka tillit til vilja ríkisstjórna Evrópusambandslandanna. En það er ljóst að eftir að þjóðarleiðtogar eins og Tony Blair, Gerhard Schröder og Jacques Chirac börðu í borðið og lýstu því yfir að fótboltinn hefði of mikla þjóðfélagslega þýðingu í þessum löndum til að áhætta væri tekin á að kollvarpa honum með algjörlega frjálsum félagaskiptareglum skildu kommiserarnir í Brussel að taka þyrfti tillit til sérstöðu knattspyrnunnar. Þannig að ég held að óhætt sé að segja að menn eru nú bjartsýnir á að skynsamleg niðurstaða fáiast í þessu máli innan skamms.

Fræðslumál KSÍ eru alltaf í brennidepli enda hafa þau á margan hátt verið hornsteinninn í mikilli framþróun íslenskrar knattspyrnu á undanfögnu árum. Nú þarf að gera stór átak í fræðslumálum KSÍ og ákveða uppstokkun til að uppfylla UEFA staðla og útskrifa þjálfara með réttindi sem veiti þeim heimild til að starfa í öllum löndum innan UEFA sem er stórt skref fram á við.

Það var að vanda mikið líf og fjör á knattspyrnuvöllum vítt og breytt um landið á síðustu leiktíð. Ég óska öllum til hamingju sem unnu til verðlauna og sigra á liðnu keppnistímabili, KR varð Íslandsmeistari, sigurvegari í Landssímadeild karla, annað árið í röð. Akurnesingar unnu Coca-Cola bikar karla eftir mjög skemmtilegan úrslitaleik við ÍBV. Upp í Símadeild karla færast FH og Valur. Upp í 1. deild karla færast Þór og KS og í 2. deild karla færast Haukar og Nökkvi sem nú kemur inn í fyrsta sinn í landsdeild. Breiðablik var svo sannarlega lið ársins í kvennaflokki og unnu þær tvöfalt í ár þ.e. bæði Landssímadeild kvenna og Coca-Cola bikar kvenna. Upp í Símadeild kvenna færast Grindavík. Deildarbikarmeistari karla varð Grindavík og í kvennaflokki vann KR

Starfsemi KSÍ var að vanda þróttmikil og öflug árið 2000. Viðfangsefnin verða sífellt fleiri, umfangið eykst og sífellt er leitað nýrra leiða til að bæta starfsemina. Ef litið er á heildarstarfsemina þ.e. rekstur sambandsins og Laugardalsvallar þá er veltan komin yfir 230 milljónir en var á síðasta starfsári 190 milljónir og fyrir áratug síðan var veltan 50 milljónir. Með örum breytingum í þjóðfélaginu eru gerðar sífellt meiri kröfur til starfa KSÍ og ég tel að KSÍ hafi staðið sig vel í stykkinu og sé um margt fyrirmynd annarra íþróttasamtaka. Undir þeim væntingum ber okkur að standa til framtíðar. Það sem hefur glatt mig mest persónulega í starfi KSÍ á undanfögnu árum er hin stórauðna þjónusta við félögin okkar á öllum sviðum en hér hefur orðið algjör bylting á síðasta áratug. Hefðbundinn rekstur KSÍ var í góðu lagi á árinu og ljóst er að hið mikla aðhald sem er á öllum þáttum rekstursins skilar sér í góðri fjárhagsniðurstöðu. Það er eftirtektarvert hve áætlanir hafa staðist vel á undanfögnu árum. Auðvitað er sterk eiginfjárhagsstaða og góður rekstur KSÍ grundvöllurinn að sterkri stöðu knattspyrnunnar á Íslandi.

Rekstrarafkoma KSÍ hefur verið góð undanfarin ár og það hefur aftur haft í för með sér góða eiginfjárstöðu. Vegna þess viljum við nú borga arð út til félaganna okkar og gera það með því að fella niður öll mótagjöld í Íslandsmótum utanhúss og Deildarbikar árið 2001 samtals um 7.5 milljónir króna. Hér er ekki verið að fella úr gildi reglugerðir um þessi gjöld heldur einungis ákvörðun til eins árs. Hinu er ekki að leyna að við forystumenn KSÍ vonumst til að geta haldið þannig utan um reksturinn í framtíðinni að þetta gæti orðið varanleg gjaldalækkun á næstu árum hjá félagunum. Staðreyndin er sú að frá 1992 til ársins 2000 hefur KSÍ aflétt ýmsum gjöldum af félagunum sem nemur um 80 milljónum á þessu tímabili. Árið 2001 væri þessi upphæð 25 milljónir, ég endurtek 25 milljónir.

En ágætu félagar, ekki misstilja orð mín, við forystumenn KSÍ gerum okkur grein fyrir því að það er margt sem við getum bætt í rekstri og stjórn samtakanna og því vinnum við stöðugt að því að bæta okkur allan ársins hring, annars væru hættumerki fljót að láta á sér bera.

Fyrir þessu ársþingi KSÍ liggja ekki mörg mál en þau eru vissulega þýðingarmikil og stór mál fyrir hreyfinguna. Við höfum séð málum fækka mjög á undanförunum ársþingum af mörgum ástæðum sem ég ætla ekki að tíunda hér. En ég tel ótvírætt að við ættum að hugleiða tvo möguleika í sambandi við ársþing:

- a) að hafa ársþing á 2 ára fresti.
- b) að hafa ársþing árlega en að það standi í einn dag.

Kostnaður KSÍ við ársþing í dag er beinn ca. 2,5 milljónir og heildarkostnaður við ársþing er auðvitað miklu meiri ef við bætum við kostnaði félaganna vegna þingfulltrúa.

En ágætu félagar við erum mætt hér til þings til að takast á um málefni og leiða þau til farsælla lykta. Ársþing KSÍ hafa aldrei verið lognmollu þing, hér hafa alltaf mætt forystumenn með ákveðnar skoðanir á hlutunum sem ekki hafa verið feimnir að láta þær í ljósi. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka stjórnarmönnum mínum í KSÍ góð störf. Starfsfólki skrifstofu undir stjórn framkvæmdastjóra þakka ég vel unnin störf á árinu. Nefndarmönnum öllum í KSÍ þakka ég vel unnin störf. Síðast en ekki síst þakka ég ykkur þingfulltrúum og forystumönnum í íslenskri knattspyrnu ykkar heilladrjúgu störf í þágu hreyfingarinnar á þessu starfsári.

Nú bið ég ykkur að bretta upp ermarnar og takast á við þau störf sem bíða úrlausna á þessu þingi. Hér stöndum við saman af drenglyndi og heilindum.

55. ársþing KSÍ er sett.

Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:

Rúnar V Arnarson, formaður, ÍRB
Grímur Friðgeirsson, ÍBR
Valdimar Leó Friðriksson, UMSK

Kjörbréfanefnd tók strax til starfa.

Formaður gerði tillögur um 1. og 2. þingforseta:

1. þingforseti: Ellert Eiríksson
2. þingforseti: Skúli Skúlason

og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki.

1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.
-

Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:

1. þingritari: Ingvi Guðmundsson

2. þingritari: Klara Bjartmarz

og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

Ávörp gesta

Eftirtaldir tóku til máls og fluttu kveðjur til KSÍ:

- Björn Bjarnason, menntamálaráðherra.
 - Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands.
-

Álit kjörbréfanefndar

- Rúnar V Arnarson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HHF (1): Börkur Nóason.

Frá HSK (1): Þorvarður Hjaltason.

Frá ÍA (4): Andrés Ólafsson, Guðlaugur K Gunnarsson, Sólveig Reynisdóttir og Leó Jóhannesson.

Frá ÍBA (7): Gunnar Gunnarsson, Haukur Bragson, Jónas Sigursteinsson, Árni Óðinsson, Sigurjón Magnússon, Þorvaldur Örlygsson og Vignir Már Þormóðsson

Frá ÍBH (4): Guðmundur Árni Stefánsson, Jón Vigfússon, Sigurður R Gunnarsson og Viðar Halldórsson.

Frá ÍBR (22): Alfreð Alfreðsson, Árni Þórðarson, Björn Guðbjörnsson, Bragi Gunnarsson, Gísli Sváfnisson, Gissur Rafn Jóhannsson, Grímur Friðgeirsson, Guðjón Guðmundsson, Guðmann Hauksson, Karl Arthursson, Helgi Hilmarsson, Helgi Þorvaldsson, Hörður Brink, Sveinn Birkir Björnsson, Hrefna Halldórsdóttir, Jónas Kristinsson, Ólafur B Halldórsson, Ólafur Hallgrímsson, Ólafur Már Sigurðsson, Pétur Stefánsson, Sigurður Ólafsson, Steinn Halldórsson og Þórður Marelsson.

Frá ÍBS (2): Sigurður Helgason og Þorgeir Bjarnason.

Frá ÍBV (4): Guðni Hjörleifsson, Egill Arngrímsson, Óðinn Steinsson og Sigurjón Kristinsson.

Frá ÍRB (4): Elís Kristjánsson, Leifur Gunnlaugsson, Rúnar V Arnarson og Þorsteinn Magnússon.

Frá ÍS (5): Bjarni Andrésson, Guðmundur Pálsson, Gunnlaugur Hreinsson, Jónas Þórhallsson og Sigurður Gunnarsson.

Frá UÍA (2): Guðmundur Ingvason og Víglundur Gunnarsson.

Frá UÍÓ (1): Helgi Jónsson.

Frá UMSE (2): Emil Einarsson og Gísli Bjarnason.

Frá UMSK (12): Dagný Halldórsdóttir, Guðbjörn Þ Ævarsson, Guðjón Kristjánsson, Hannes Hauksson, Ingibjörg Hinriksdóttir, Jóhannes Sveinbjörnsson, Jónas Már Fjeldsted, Páll Bragason, Sævar Björnsson, Sigurður Guðmundsson, Sigurður Þ Þorsteinsson og Valdimar L Friðriksson.

Frá UMSS (1): Jóhann Sigmarsson.

Frá USÚ (1): Gissur Jónsson.

Enginn mætti frá HSB, HSH, HSS, HSV, HSP, UDN, UMSB, UNP, USAH, USVH og USVS.

Fyrirnefndir fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra samþykkt.

Formaður KSÍ flutti skýrslu stjórnar sem lögð var fram á þinginu.

Gjaldkeri KSÍ, Eggert Steingrímsson, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.

Valdimar L Friðriksson tók til máls og hrósaði stjórn KSÍ og starfsfólki fyrir góð störf á árinu.

Reikningar sambandsins voru samþykktir samhljóða.

Kosning í þingnefndir. Eftirtaldir voru sjálfkjörnir:

Allsherjarnefnd

Páll Bragason, formaður, UMSK
Guðni Hjörleifsson, ÍBV
Árni Þórðarson, ÍBR
Björn Guðbjörnsson, ÍBR
Guðmundur Ingvason, UÍA
Ómar Smárason, starfsmaður

Fjárhagsnefnd

Jónas Þórhallsson, ÍS
Gísli Bjarnason, UMSE
Andrés Ólafsson, ÍA
Alfreð Alfreðsson, ÍBR
Jónas Kristinsson, ÍBR
Pálmi Jónsson, starfsmaður

Laganefnd

Guðjón Guðmundsson, ÍBR
Hannes Hauksson, UMSK
Gissur Jóhannsson, ÍBR
Víglundur Gunnarsson, UÍA
Sigurður Guðmundsson, UMSK
Klara Bjartmarz, starfsmaður

Leikreglanefnd

Björn Friðþjófsson, UMSE
Steinn Halldórsson, ÍBR
Ingibjörg Hinriksdóttir, UMSK
Helgi Þorvaldsson, ÍBR
Jón Vigfússon, ÍBH
Birkir Sveinsson, starfsmaður

Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 15

Tillögur á þingskjölum 6 til 12 voru bornar upp og ræddar á laugardegi og vísað til nefnda. Þinginu var síðan frestað um kl. 14:50 og afgreiðsla tillagna fór fram á sunnudegi frá kl. 10:00.

Þingskjal 6

- Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

Tillaga um fjárhagsáætlun 2001

Knattspyrnusamband Íslands

Rekstrartekjur:		Áætlun 2001	Niðurstaða 2000	Áætlun 2000
Framlög og styrkir	1	106.258.132	104.457.401	90.350.000
Tekjur af landsleikjum	2	12.000.000	20.572.756	20.000.000
Tekjur af mótum		2.915.000	9.449.050	9.176.000
Sjónvarpsréttur og styrkir		55.936.500	34.055.200	33.286.500
Tekjur af fræðslu og ráðst.		1.300.000	1.610.900	1.300.000
Aðrar tekjur		10.800.000	14.393.623	10.227.500
Rekstrartekjur alls		189.209.632	184.538.930	164.340.000
Rekstrargjöld:				
Yfirstjórn	3	55.150.000	47.839.143	43.732.000
Kostnaður við landsleiki og mót	4	127.135.000	103.777.361	110.938.000
Annar rekstrarkostnaður	5	11.430.000	10.003.516	11.730.000
Rekstrarkostnaður alls		193.715.000	161.620.020	166.400.000
Hagnaður/tap án fjármagnsliða		-4.505.368	22.918.910	-2.060.000
Fjármagnsliðir:				
Fjármunatekjur		9.700.000	19.243.902	4.000.000
Fjármagnsgjöld		-1.800.000	-27.686.822	-450.000
Fjármagnsliðir alls		7.900.000	-8.442.920	3.550.000
Hagnaður án áhrifa Laugardalsvallar		3.394.632	14.475.990	1.490.000
(Tap) hagnaður af rekstri Laugardalsvallar		-1.430.000	-4.539.573	1.650.000
Hagnaður ársins		1.964.632	9.936.417	3.140.000

Nr. 1 Styrkir og framlög:

Í.S.Í.	4.258.132	2.853.360	2.700.000
Íslensk getsþá	7.000.000	6.962.514	7.000.000
Getraunir	5.000.000	5.072.609	5.000.000
Norræni Menningarmálasjóðurinn	1.000.000	1.027.000	650.000
UEFA styrkir	33.000.000	32.708.612	24.500.000
FIFA styrkur	20.000.000	20.191.002	17.500.000
Ýmsir styrkir	36.000.000	35.642.304	33.000.000
Styrkir og framlög	106.258.132	104.457.401	90.350.000

Nr. 2 Tekjur af landsleikjum:

Landsleikir A-landslið	10.000.000	20.572.756	20.000.000
Landsleikjatekjur erlendis	2.000.000	0	0
Tekjur af landsleikjum	12.000.000	20.572.756	20.000.000

Nr. 3 Yfirstjórn

Laun og tengd gjöld	28.450.000	23.116.270	21.500.000
Vinnutap og bifreiðakostnaður formanns	1.300.000	1.180.000	1.180.000
Annar kostnaður við yfirstjórn	25.400.000	23.542.873	21.052.000
Yfirstjórn og húsn. kostn.	55.150.000	47.839.143	43.732.000

Nr. 4 Landsleikir og mót:

A-landslið karla	50.300.000	40.349.669	42.623.000
U-21 landslið karla	14.310.000	6.080.909	8.580.000
U-19 landslið karla	5.600.000	4.748.620	5.220.000
U-17 landslið drengja	6.575.000	5.499.440	5.115.000
A-landslið kvenna	9.000.000	8.622.602	8.575.000
U-21 landslið kvenna	2.950.000	2.433.991	2.710.000
U-18 landslið kvenna	6.000.000	5.744.841	5.965.000
U-17 landslið stúlkna	3.550.000	3.013.103	3.250.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	9.000.000	10.996.453	11.500.000
Mótakostnaður	19.850.000	16.287.733	17.400.000
Kostnaður við landsleiki og mót	127.135.000	103.777.361	110.938.000

Nr. 5 Annar rekstrarkostnaður:

Fræðslukostnaður	3.800.000	2.321.822	2.850.000
Dómarakostnaður	4.300.000	3.553.710	4.100.000
Mannvirkjakostnaður	200.000	49.970	300.000
Rekstur húsnæðis	0	264.012	650.000
Ýmis kostnaður	3.130.000	3.814.002	3.830.000
Annar rekstrarkostnaður	11.430.000	10.003.516	11.730.000

Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur:	Áætlun 2001	Staða 2000	Áætlun 2000
Framlög Reykjavíkur vegna framkvæmda	27.000.000	26.137.872	24.000.000
Húsaleiga og æfingastyrkir ÍBR	7.260.000	7.132.800	7.260.000
Tekjur af landsleikjum	3.500.000	6.505.100	5.300.000
Tekjur af Coca-Cola bikarkeppni	800.000	799.552	800.000
Tekjur af Landssímadeildinni	650.000	900.204	650.000
Tekjur af Evrópuleikjum	1.000.000	852.957	300.000
Flóðljós-ljósatafla-hljóðkerfi	850.000	872.500	610.000
Aðrar tekjur	2.690.000	5.362.250	2.350.000
Rekstrartekjur alls	43.750.000	48.563.235	41.270.000

Rekstrargjöld:

Laun og tengd gjöld	13.765.000	12.310.105	10.160.000
Almennur rekstrarkostnaður	4.065.000	4.314.116	3.710.000
Rekstur mannvirkja	7.750.000	7.716.476	6.850.000
Önnur gjöld	100.000	13.295	100.000
Afskriftir	18.000.000	18.084.905	18.000.000
Rekstrarkostnaður alls	43.680.000	42.438.897	38.820.000

Hagnaður/tap án fjármagnsliða	70.000	6.124.338	2.450.000
-------------------------------	--------	-----------	-----------

Fjármagnsliðir

Fjármunatekjur	1.500.000	1.318.318	2.500.000
Fjármagnsgjöld	-3.000.000	-11.982.229	-3.300.000
Fjármagnsliðir alls	-1.500.000	-10.663.911	-800.000
Hagnaður/Tap ársins	-1.430.000	-4.539.573	1.650.000

Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til fjárhagsnefndar.

- Álit fjárhagsnefndar flutti Jónas Þórhallsson.

Nefndin lagði til að fjárhagsáætlun á þingskjali 6 yrði samþykkt.

Fjárhagsáætlun á þingskjali 6 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7

- Framsögu hafði Geir Þorsteinsson.

Tillaga um lög um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands

I Dómstólar KSÍ

1. grein - Dómstigin.

- 1 Dómstólar Knattspyrnusambands Íslands eru Dómstóll KSÍ og Áfrýjunardómstóll KSÍ. Þeir skulu hafa fullnaðarlögsögu yfir þeim málefnum sem koma upp innan vébanda Knattspyrnusambands Íslands og sem varða lög og reglur Knattspyrnusambands Íslands eftir því sem við á, en á þessum lögum og reglum skulu Dómstólar KSÍ byggja niðurstöður sínar. Dómstólar KSÍ skulu lúta dómstólareglum Knattspyrnusambands Íslands og skulu öll ágreiningsmál er varða knattspyrnu rekin fyrir dómstólum KSÍ. Lög Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands um dómstólaskipan skulu þó vera þessum reglum til fyllingar, eftir því sem við getur átt.
- 2 Dómstóll KSÍ er fyrsta dómstig í málum sem upp koma innan knattspyrnuhreyfingarinnar.
- 3 Áfrýjunardómstóll KSÍ er æðsti dómstóll innan knattspyrnuhreyfingarinnar.
- 4 Dómstólar KSÍ skulu hafa aðsetur á skrifstofu KSÍ, Laugardalsvelli, 104 Reykjavík. Knattspyrnusambandi Íslands ber að tilkynna án tafar allar breytingar sem verða á dómstólaskipan innan sambandsins, en skrá sú sem haldin er á skrifstofu KSÍ telst alltaf lögfull sönnun á því hvar eigi að reka mál.

II Dómstóll KSÍ

2. grein - Skipan dómsins.

- 1 Dómarar dómstóls KSÍ skulu vera 5 og allir löglærðir.
- 2 Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi.
- 3 Á fyrsta dómarafundi eftir reglulegt knattspyrnuþing skulu dómarar koma saman og kjósa dómsformann og fyrsta og annan varaformann.
- 4 Einn dómari skal fara með mál og ákveður dómsformaður hver af hinum reglulega dómurum fer með málið.
- 5 Nú telur dómari þörf á meðdómurum og er honum þá heimilt, í samráði við formann dómsins, að kalla til tvo meðdómara í dóminn. Meðdómarar þurfa ekki að vera löglærðir.

3. grein - Kæruréttur.

- 1 Rétt til kæru hefur hver sá, einstaklingur og félag, sem misgert er við og hagsmuni hafa af niðurstöðu máls.

4. grein - Meðalganga og upplýsingagjöf.

- 1 Aðila, sem hefur kærurétt skv. 3. grein, er heimilt að beina þeirri kröfu til dómsins að hann verði aðili málsins. Krafa þessi þarf að koma fram svo fljótt sem verða má og eigi síðar en við aðalflutning málsins.

5. grein - Kærufrestur.

- 1 Kærufrestur til dómstóls KSÍ er 5 dagar frá því að atvik það, sem kært er bar við og skulu almennir frídagar ekki taldir þar með.
- 2 Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómstólinn. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.

6. grein - Form og efni kæru.

- 1 Kæra skal vera skrifleg.
- 2 Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram í kæru:
 1. Nafn, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kæranda.
 2. Nafn kærða, kennitala, heimilisfang og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang kærða.
 3. Nafn fyrirsvarsmanns kæranda, heimilisfang hans og símanúmer/faxnúmer/tölvupóstfang.
 4. Greinargóð lýsing á því hvaða kröfur eru gerðar í málinu.
 5. Lýsing helstu málavaxta.
 6. Tilvísun til þeirra lagareglna sem við eiga.
 7. Lýsing á helstu röksemdum aðila málsins.
 8. Lýsing á þeim gögnum sem kærandi byggir mál sitt á, ásamt ljósriti af þeim gögnum.
 9. Upptalning á þeim vitnum sem kærandi mun kalla til skýrslutöku.
- 3 Kæra, ásamt fylgigögnum, skal send dómnum í tveimur eintökum. Heimilt er að senda kæru með faxi en þó skal frumrit ævinlega sent.

7. grein - Málsmeðferð.

- 1 Mál telst höfðað með því að kæra berst á skrifstofu KSÍ. Kærandi á rétt á því að fá kvittun fyrir móttöku kærunnar.
- 2 Formaður dómsins skal svo fljótt sem hægt er taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar samkvæmt 6. grein geri að verkum að málið sé ekki tækt til meðferðar. Séu slíkir gallar á málinu skal dómsformaður vísa málinu frá dómi með úrskurði.
- 3 Telji dómsformaður að málið sé réttilega höfðað skal hann innan tveggja virkra daga ákveða hvaða dómari skuli fara með málið.
- 4 Sé dómsformaður forfallaður skulu varaformenn annast þau verkefni sem til falla í þeirri röð sem þeir eru kosnir.
- 5 Dómari sem fær mál til meðferðar skal án tafar senda kærða (varnaraðila) áskorun um að halda uppi vörnum í málinu ásamt afriti af kærinni. Áskorunina skal senda með ábyrgðarbréfi, faxi eða á annan sannanlegan hátt. Almennt skal frestur til að skila greinargerð ekki vera lengri en ein vika. Greinargerð varnaraðila skal uppfylla þau skilyrði er koma fram í 6. grein, eftir því sem við getur átt.
- 6 Dómari getur óskað eftir skriflegum athugasemdum frá Knattspyrnusambandi Íslands eða öðrum þeim sem málið varðar.
- 7 Þegar dómari hefur mótttekið greinargerð varnaraðila, skal hann boða til þinghalds, þingfesta málið og ákveða framhald þess, þ.m.t. hvort málið skal flutt munnlega eða skriflega og hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómþingi. Ef mál er ekki munnlega flutt skal aðilum

gefinn stuttur frestur til að skila skriflegum athugasemdum. Dómari getur ákveðið annan hátt á málsmeðferð eftir þingfestingu.

- 8 Dómari skal leitast við að hraða störfum sínum eins og kostur er og skal dómur kveðinn upp innan viku frá því að málflytningi lauk.
- 9 Birta skal aðilum dóm eða úrskurð á ábyrgðarbréfi, með faxi eða á annan sannanlegan hátt, ef þeir eru ekki viðstaddir dómsuppsögn og skal þá jafnframt greint frá heimild aðila til áfrýjunar og áfrýjunarfresti.

8. grein - Flýtimeðferð máls.

- 1 Telji formaður dómsins augljóst við skoðun á kæru sem honum berst, að brotið hafi verið gegn lögum og reglum knattspyrnuhreyfingarinnar, er honum heimilt að beina þeirri kröfu til gagnaðila, að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær varnir séu. Komi í ljós að engar varnir verða hafðar uppi í málinu eða ef framkomnar varnir eru bersýnilega tilgangslausar er honum heimilt með úrskurði að dæma kæranda í hag.

9. grein - Tilnefning talsmanns fyrir dómi.

- 1 Telji dómurinn að hætta sé á að málsstaður annars málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður dómsins upplýst framkvæmdastjóra KSÍ um slíkt. Framkvæmdastjóri KSÍ skal þá skipa aðila til að gæta hagsmuna viðkomandi í málinu.

III Áfrýjunardómstóll KSÍ

10. grein - Skipan dómsins.

- 1 Áfrýjunardómstóll KSÍ skal skipaður 3 löglærðum dómurum og 5 löglærðum til vara.
- 2 Dómarar skulu kosnir á reglulegu knattspyrnuþingi til setu fram að næsta reglulega knattspyrnuþingi.
- 3 Dómstóllinn kýs sér forseta.

11. grein - Áfrýjun.

- 1 Heimilt er að skjóta til áfrýjunardómstóls KSÍ, dómum og úrskurðum dómstóls KSÍ.
- 2 Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstólsins skal vera 5 dagar frá því dómur dómstóls KSÍ var upp kveðinn og skulu almennir frídagar ekki telja þar með.
- 3 Sá sem hyggst áfrýja máli skal senda áfrýjunardómstólnum sérstaka greinargerð þar sem lýst er þeim sjónarmiðum sem áfrýjandi byggir á ásamt gögnum málsins.

12. grein - Ný gögn og málsmeðferðarreglur.

- 1 Ný gögn skulu ekki lögð fram fyrir áfrýjunardómstólnum. Vitna- og aðilaskýrslur skulu ekki fara fram.
- 2 Dómstólnum er heimilt að víkja frá ákvæði 1. mgr. þegar sérstaklega stendur á.
- 3 Málsmeðferðarreglur II kafla laganna skulu gilda um áfrýjunardómstól KSÍ eftir því sem við á.

IV Áfrýjunardómstóll ÍSÍ

13. grein - Áfrýjun til ÍSÍ.

- 1 Heimilt er að áfrýja til áfrýjunardómstóls ÍSÍ þeim málum áfrýjunardómstóls KSÍ, sem hafa almennt gildi fyrir íþróttahreyfinguna í heild. Áfrýjun tekur þá aðeins til þeirra atriða máls er hafa slíkt almennt gildi og tilgreind eru í áfrýjunarskjali. Áfrýjunardómstóll ÍSÍ ákveður í

Þessum tilvikum hvort kæratriði séu þess eðlis að hann eigi um þau að fjalla. Ef áfrýjunardómstóll ÍSÍ hafnar kæratriðum áfrýjanda er málinu endanlega lokið.

V Almenn ákvæði

14. grein - Vanhæfi dómara.

- 1 Dómari er vanhæfur til að fara með mál ef:
 - a. hann er aðili að málinu eða fyrirsvarsmaður aðila.
 - b. hann hefur gætt réttar aðila varðandi sakarefnið eða veitt aðila leiðbeiningar um það, umfram skyldu sem dómara hafa.
 - c. hann hefur borið eða verið kvaddur til að bera vitni um atvik málsins af réttmætu tilefni eða verið mats- eða skoðunarmaður um sakarefnið.
 - d. hann er eða hefur verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar.
 - e. hann tengist eða hefur tengst fyrirsvarsmanni eða málflytjanda með þeim hætti er segir í d-lið.
 - f. hann tengist eða hefur tengst vitni í málinu með sama hætti og segir í d-lið.
 - g. fyrir eru hendi önnur atvik eða aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, m.a. ef dómari eða náinn skyldmenni eru félagsbundin aðila máls.
- 2 Stjórn KSÍ skal skipa dómara í dómstóla KSÍ til meðferðar einstaks máls ef tilskilinn fjöldi næst ekki úr kjörnum dómurum og varadómurum vegna vanhæfis þeirra.

15. grein - Lögsaga.

- 1 Undir dómstóla KSÍ heyra öll brot á lögum og reglum KSÍ.

16. grein - Dómsniðurstöður.

- 1 Dómstólar KSÍ geta í dómsorði auk efnisniðurstöðu m.a. kveðið á um eftirfarandi réttindi og skyldur til aðila málsins:
 1. Dæmt leiki ógilda, látið endurtaka þá eða dæmt um úrslit þeirra.
 2. Ákvarðað dagsektir gagnvart aðildarfélögum. Dagsektir renni til KSÍ.
 3. Ákveðið sektir á aðildarfélög.
 4. Málskostnað, ef málsgrundvöllur telst vera tilefnislaus.
- 2 Þær refsingar sem dómstólar KSÍ geta beitt eru:
 1. Áminning.
 2. Vítur.
 3. Svipting réttar til að gegna trúnaðarstörfum innan knattspyrnuhreyfingarinnar (hefur ekki í för með sér missi almennra félagsréttinda eða keppnisréttar).
 4. Óhlutgengisúrskurður, sem veldur útilokun frá þátttöku í keppni innan knattspyrnuhreyfingarinnar, um stundarsakir eða ævilangt.
 5. Aðrar refsingar er lög eða reglur Knattspyrnusambands Íslands tiltaka.

17. grein - Þingbækur/Dómabækur.

- 1 Við dómstóla KSÍ skulu vera haldnar sérstakar þingbækur. Við fyrirtöku máls skal rita skýrslu í þingbók um það sem fram fer, hvaða gögn eru lögð fram, hverjir mæta í máli og hvað er afráðið um rekstur máls. Í þingbók skal jafnframt færa þær ákvarðanir sem teknar eru í málinu. Efni þingbókar skal að jafnaði ekki birt almenningi.
- 2 Við dómstóla KSÍ skal haldin sérstök dómabók sem hefur að geyma uppkveðna dóma og úrskurði. Dómabók skal vera aðgengileg og birt á heimasíðu KSÍ.

18. grein - Lyfjaeftirlit.

1 Mál vegna meintrar lyfjamisnotkunar íþróttamanna skal farið með skv. reglugerð ÍSÍ um lyfjaeftirlit.

19. grein - Niðurfelling refsingar.

1 Knattspyrnuþingi er heimilt með minnst 2/3 greiddra atkvæða að fella niður refsingu eða veita dæmdum aðila full réttindi að nýju innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Bráðbirgðaákvæði.

Lög þessi taka gildi 1. júní 2001, eftir samþykkt þeirra á knattspyrnuþingi.

Við gildistöku laga þessara skulu Dómstólar KSÍ taka yfir eldri mál sem eru í gangi fyrir dómstólum knattspyrnuhreyfingarinnar. Þó er aðilum máls heimilt að sammælast um að ljúka máli fyrir þeim dómstól þar sem málið er rekið fyrir gildistöku laganna, enda verði slíku máli lokið innan tveggja vikna frá gildistöku þeirra.

Knattspyrnuþing 2001 sem samþykkir lög þessi skal kjósa dómara í dómstól KSÍ og áfrýjunardómstól KSÍ. Dómarar þessir skulu taka til starfa 1. júní 2001, þegar lögin taka gildi og starfa fram að næsta knattspyrnuþingi.

Lagt er til að eftirfarandi ákvæði í lögum Knattspyrnusambands Íslands breytist til samræmis frá og með 1. júní 2001 eins og hér greinir:

7. grein - 1. málsgrein.

Stafliður d í 16. tölulið hljóði svo: Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).

Stafliður e í 16. tölulið hljóði svo: Kosning í dómstól KSÍ (5 dómarar).

9. grein - 1. málsgrein.

Stafliður e hljóði svo: Dómarar í dómstól KSÍ og aðalmenn í áfrýjunardómstól KSÍ.

VII kafli hljóði svo:

VII Dómstólar Knattspyrnusambands Íslands

25. grein.

1 Dómstóll KSÍ og áfrýjunardómstóll KSÍ skulu starfa samkvæmt lögum um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands.

Lagt er til grein 4.1. (Dómstólar) í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót falli niður til samræmis frá og með 1. júní 2001 en hún hljóðar svo:

4. 1. DÓMSTÓLAR

1 Í samræmi við dóms- og refsíákvæði ÍSÍ skulu vera tvö dómstig innan knattspyrnuhreyfingarinnar, héraðsdómstig og sambandsdómstig.

2 Sérdomstólar KSÍ í héraði eru:

a. Knattspyrnudómstóll Reykjavíkur, sem nær yfir lögsagnarumdæmi ÍBR.

- b. Knattspyrnudómstóll Reykjaness, sem nær yfir lögsagnarumdæmi UMSK, ÍBH, ÍS og ÍBK.
 - c. Knattspyrnudómstóll Vesturlands, sem nær yfir lögsagnarumdæmi ÍA, UMSB, HSH og UD.
 - d. Knattspyrnudómstóll Vestfjarða, sem nær yfir lögsagnarumdæmi ÍBÍ, HHF, HSB, HSS og HVÍ.
 - e. Knattspyrnudómstóll Norðurlands vestra, sem nær yfir lögsagnarumdæmi USVH, USAH, UMSS og ÍBS.
 - f. Knattspyrnudómstóll Norðurlands eystra, sem nær yfir lögsagnarumdæmi UÍÓ, UMSE, ÍBA, HSP og UNP.
 - g. Knattspyrnudómstóll Austurlands, sem nær yfir lögsagnarumdæmi UÍA og USÚ.
 - h. Knattspyrnudómstóll Suðurlands, sem nær yfir lögsagnarumdæmi USVS, ÍBV og HSK.
- 3 Ársþing KSÍ skal á hverju ári kjósa í áður nefnda sérdómstóla ef slíkir sérráðsdómstólar eru ekki til staðar fyrir. Hver dómstóll skal vera skipaður þremur aðalmönnum, þar af a.m.k. einum löglærðum og þremur varamönnum. Dómstóllinn kýs sér forseta og starfar að öðru leyti samkv. dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ og lögum og reglugerðum KSÍ. Skrifstofa KSÍ skal vera tengliður knattspyrnudómstóla og félaga. Forseti skal vera löglærður og ákveður hann hvar dómstóll kemur saman.
- 4 Sambandsdómstig KSÍ er Dómstóll KSÍ, og er skipaður samkvæmt 25. grein laga KSÍ.
- 5 Dómstólar skulu leitast við að hraða störfum sínum og dómsuppkvaðningu svo sem kostur er. Skal dómstóll að jafnaði hafa lokið dómsuppkvaðningu innan viku frá því að kæra berst, nema sérstaklega standi á. Dómsuppkvaðningar í héraði skulu sendar skrifstofu KSÍ innan 48 klst. frá dómsuppkvaðningu. Skrifstofa KSÍ skal birta hlutaðeigandi félögum dómsuppkvaðningu samdægurs.

Lagt er til að grein 4.2. (Kærur) í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót breytist til samræmis frá og með 1. júní 2001 og hljóði svo:

4. 2. KÆRUR

- 1 Öll mótmæli varðandi undirbúning kappleiks, keppnisvöll, dómara, aðstoðardómara, boltastærð eða annað viðvíkjandi framkvæmd leiksins, skulu borin fram við dómara fyrir leikinn af fararstjórn eða fyrirliða, eða hafa leikaðilar fyrirgert rétti sínum til að kæra ástandsbrot.
- 2 Kæra skal lögð fram á skrifstofu KSÍ innan tilskilins frests eins og kveðið er á um í lögum um dómstóla Knattspyrnusambands Íslands. Um málatilbúning að öðru leyti fer samkvæmt fyrrnefndum lögum.
- 3 Þótt félag sé uppvíst að leikbroti, losar það ekki mótaðilann við keppnisskyldu.
- 4 Mótsstjórn sker úr öllum vafaatriðum varðandi framkvæmd móts eða einstakra leikja, og hún hefur rétt til þess að breyta leikstað eða leikstund.

Lagt er til að málsgrein 4.6.2. falli niður til samræmis frá og með 1. júní en hún hljóðar svo:

Auk refsíákvæða, sem um getur í þessari reglugerð, má eftir atvikum dæma eftir dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ.

Stjórn KSÍ

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin lagði til að tillaga á þingskjali 7 yrði samþykkt.

Tillagan á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 8

- Framsógu hafði Ágúst Ingi Jónsson.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og breytingu á starfsreglum aganefndar

Lagt er til að eftirfarandi grein verði ný grein 1.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót en núverandi grein 1.4. verði 1.5. o.s.frv.:

1.4. Framkoma og ábyrgð

- 1 Félög, iðkendur, forystumenn og aðrir skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi knattspyrnuhreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina.
- 2 Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við kappleik.

Lagt er til að eftirfarandi grein verði ný 12. grein í starfsreglum aganefndar KSÍ:

12. gr. Ósæmileg framkoma

- 12.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til úrskurðar aganefndar atvikum sem skaðað geta ímynd knattspyrnunnar eða þeirra sem þátt taka í leiknum. Slík atvik hafa þá ekki komið fram í atvikaskýrslu dómara eða eftirlitsmanns á kappleikjum en geta verið hvers kyns ósæmileg framkoma á leikstað eða á annan hátt opinberlega.
- 12.2. Framkvæmdastjóri skal skila greinargerð til aganefndar ásamt gögnum máli sínu til staðfestingar sem málsaðilar skulu fá afrit af. Málsaðilum skal gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð fyrir næsta fund aganefndar. Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi eftir eðli brotsins. Viðurlög geta verið eftirfarandi:
 - a) áminning
 - b) ávítur
 - c) sekt að upphæð kr. 30.000
 - d) leikbann

Þá er lagt til að grein 2.1 í starfsreglum aganefndar KSÍ breytist til samræmis og hljóði svo (breytingar feitletraðar):

2. 1. Verkefni aganefndar er að úrskurða um þau atriði, sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum í Íslandsmóti, bikarkeppni, meistarakeppni svo og innanhússmótum KSÍ. **Þá úrskurðar nefndin einnig um atvik sem berast henni skv. 1. málsgrein 12. greinar í reglum þessum.** Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál, sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja, sem fram fara í landinu, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Greinargerð:

Tillagan er sett fram í tvennum tilgangi. Í fyrsta lagi til að binda í reglugerð um knattspyrnumót ákvæði um framkomu þeirra sem innan knattspyrnuhreyfingarinnar starfa og ábyrgð félags á framkomu félags- og stuðningsmanna sinna. Í öðru lagi til að finna atvikum, sem skaðað geta ímynd knattspyrnuíþróttarinnar, farveg í starfsreglum aganefndar þannig að bregðast megi við á viðeigandi hátt. Knattspyrnuhreyfingin í heild sinni verður að standa vörð um ímynd knattspyrnuíþróttarinnar og á vettvangi knattspyrnunnar getur ósæmileg framkoma aldrei átt griðastað.

Stjórn KSÍ

- Guðjón Guðmundsson tók til máls og gerði athugasemdir við hversu opin reglugerðin væri. Í henni þyrftu að vera afmarkar til dæmis í tengslum við almenn hegningarlög.
- Páll Bragason tók til máls og spurði hvort Guðjón muni leggja fram breytingartillögu.

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.

Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 8 yrði samþykkt með þeirri breytingu að út falli orðið „stuðningsmanna“ í 1.4.2.

- Páll Bragason gerði grein fyrir hvers vegna nefndin taldi þessa breytingu nauðsynlega.
- Geir Þorsteinsson tók til máls og talaði gegn breytingu nefndarinnar og vísaði meðal annars í samsvarandi reglugerðir UEFA.
- Halldór B Jónsson tók til máls og talaði gegn breytingu nefndarinnar og vísaði meðal annars í gildandi starfsreglur aganefndar KSÍ.

Breytingartillaga nefndarinnar var felld.

Tillagan á þingskjali 8 var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9

- Framsögu hafði Sigurður Guðmundsson. Sigurður rökstuddi tillögu sína út frá tveimur megin þáttum; annars vegar knattspyrnulegum þáttum og hinsvegar fjárhagslegum ávinningi.

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót

Grein 3.9.1.1, 1. mgr., orðist svo:

Í Íslandsmóti meistaraflokks karla skal þátttökuliðum skipt í fjórar (4) deildir. 0. deild skal skipuð 12 liðum, 1. deild 10 liðum, 2. deild 10 liðum og 3. deild skal skipuð liðum þeirra félaga, sem ekki eiga sæti í 0., 1. eða 2. deild. Stjórn KSÍ ákveður á hverju ári hvert skuli vera nafn 0. deildar.

Breytingin tekur gildi frá og með keppnistímabilinu árið 2002.**Ákvæði til bráðabirgða:**

Að loknu Íslandsmóti árið 2001 skal eftirfarandi fyrirkomulag gilda um færslu liða milli deilda:

Tvö efstu lið 1. deildar færast næsta leikár upp í 0. deild. Neðsta lið 0. deildar og 3. efsta lið 1. deildar skulu leika um 12. sætið í 0. deild árið 2002.

Tvö efstu lið 2. deildar færast næsta leikár upp í 1. deild. Neðsta lið 1. deildar og 3. efsta lið 2. deildar skulu leika um 10. sætið í 1. deild árið 2002.

Tvö efstu lið 3. deildar færast næsta leikár í 2. deild. Neðsta lið 2. deildar leikur við 3. efsta lið 3. deildar um 10. sætið í 2. deild árið 2002.

Í leikjum um sæti í deild skal leikið heima og heiman, og skal fyrri leikurinn háður á heimavelli þess liðs, sem var í efri deild. Gilda samanlögð úrslit beggja leikja. Standi leikar jafnir að loknum venjulegum leiktíma í síðari leiknum, skal leikið til þrautar, sbr. gr. 3.8. Mótanefnd KSÍ skal sjá til þess að leikirnir fari fram svo fljótt sem auðið er að loknu Íslandsmóti.

Greinargerð:

Megintilgangur með fjölgun liða í efstu deild er tvíþættur; þ.e. að stuðla að frekari framförum í íslenskri knattspyrnu og að auka tekjumöguleika félaganna.

Breidd í íslenskri knattspyrnu hefur farið vaxandi á undanförunum árum, og er nú svo komið, að ekki er umtalsverður styrkleikamunur á megninu á liðunum í 0. deild og betri hluta 1. deildar. Ljóst má vera, að frekari framþróun er m.a. háð því, að verkefni íslenskra knattspyrnuliða þróist í átt til þess, sem gerist meðal samkeppnisþjóða okkar, svo sem frekast er kostur. Til að efla framþróun í knattspyrnunni er því orðið tímabært að gefa fleiri knattspyrnumönnum kost á að leika meðal þeirra bestu, jafnframt því, að leikjum þeirra fjölgi. Við fjölgun um tvö félög í deildinni fjölgar leikjum hvers liðs um fjóra á tímabilinu. Þessari fjölgun leikja má koma fyrir bæði með einhverri lengingu tímabils og þéttingu leikja. Það er knattspyrnumönnum í bestu deild engin ofrausn að leika t.a.m. tvo leiki á einni viku, þegar svo ber undir. Líklegt má og telja, að fjölgun félaga í deildinni stuðli að því, að ungir og efnilegir knattspyrnumenn fái aukin tækifæri til að spreyta sig meðal þeirra bestu.

Það er kunnara, en frá þurfi að segja, að tekjuöflun og þar með fjárhagsstaða íslenskra knattspyrnufélaga er og hefur lengi verið afar bágborin. Því þarf að leita allra leiða til að auka tekjur félaganna og nýta betur alla kostnaðarþætti. Reyndar er það svo, að Landssímadeildin er eina deildin, sem gefur einhverjar umtalsverðar tekjur af auglýsingum og aðgangseyri. Því má búast við, að með fjölgun leikja og félaga í þeirri deild, geti heildartekjur knattspyrnufélaganna aukist töluvert. Viðbótarkostnaður félaganna yrði hins vegar minni en tekjuaukinn, þar sem fjölgun leikja hefði væntanlega engin eða óveruleg áhrif á allan fastan kostnað, og myndu í reynd stuðla að betri nýtingu fjölda kostnaðarliða.

Stjarnan

- Lúðvík S Georgsson tók til máls og leiðrétti rangar fullyrðingar framsögumanns um kröfur mannvirkjanefndar vegna áhorfendaaðstöðu við leikvelli.
- Guðjón Guðmundsson tók til máls og taldi ekki tímabært að fjölga í efstu deild fyrr en aðstæður væru fyrir hendi til að leika á heimavöllum félaganna frá 1. maí. Guðjón taldi þessa breytingu raunhæfa eftir 5-8 ár og studdi það að millipinganevnd myndi fjalla um málið, m.a. útfrá því hvaða kröfur væru gerðar til heimavalla. Guðjón upplýsti að KR-ingar styddu ekki þessa tillögu eins og er.
- Halldór B Jónsson taldi athugunar þörf áður en þetta skref verður stigið. Ekki væri hægt að fjölga í efstu deild án þess að lengja tímabilið. Draga þyrfti saman öll sjónarhorn og þetta mál væri flóknara en mótamál. Farsælast væri að vísa málinu til starfshóps.
- Gunnlaugur Hreinsson tók til máls og vildi fjölga félögum í efstu deild en byrja á því að fjölga um 1 lið og gefa þannig aðlögunartíma áður en fjölga yrði í 12 liða deild.
- Sigurður Guðmundsson tók til máls og svaraði framkomnum athugasemdum.

Tillögunni var vísað til leikreglanefndar.

- Álit leikreglanefndar flutti Björn Friðþjófsson. Niðurstaða nefndarinnar var efirfarandi:

Leikreglanefnd leggur til að tillögunni á þingskjali 9 verði vísað til starfshóps um framtíðarskipun mótamála sem skoði hvaða möguleikar eru fyrir hendi til að fjölga liðum í Símadeild karla úr 10 í 12. Starfshópurinn skoði það í kjölinn hvað áhrif á starfsemi félaga og KSÍ slík fjölgun hafi. Má þar nefna lengingu tímabils, leikvelli, kostnað og annað það sem finna þarf lausn á áður en slík fjölgun getur átt sér stað.

Stefnt skal að því að starfshópurinn skili álitinu sínu fyrir næsta ársþing KSÍ.

- Sigurður Guðmundsson tók til máls og lagði fram eftirfarandi breytingartillögu við tillögu leikreglanefndar:

Lagt er til að tillögunni á þingskjali 9 verði vísað til afgreiðslu hjá KSÍ sem undirbúi tillögu að fjölgun liða í Símadeild karla úr 10 í 12. Um þá tillögu verði greidd atkvæði á næsta ársþingi KSÍ. Skoðað verði ofan í kjölinn hvaða áhrif á starfsemi félaga og KSÍ slík fjölgun hafi. Tillagan taki tillit til lengingu tímabils, leikvalla, fjárhags og annarra atriða sem taka þarf tillit til við framkvæmdina.

- Guðjón Guðmundsson tók til máls og lagði til að álit nefndarinnar yrði samþykkt.
- Sigurður Guðmundsson tók aftur til máls og taldi að nauðsynlegt væri að starfshópurinn hefði ákveðna tímamörk en fram kæmu í tillögu leikreglanefndar.
- Þingforseti gerði stutt þinghlé.
- Björn Friðþjófsson lagði fram breytingu á álitinu leikreglanefndar þannig að síðasta setningin hljóði svo:

Starfshópurinn skal skila álitinu sínu fyrir næsta ársþing KSÍ.

- **Álit leikreglanefndar þannig breytt var samþykkt og þar með dró Sigurður Guðmundsson breytingartillögu sína til baka.**

Þingskjal 10

- Framsögu hafði Lúðvík S Georgsson.

TILLÖGUR FRÁ MILLIÞINGANEFND KSÍ***um eftirlit með framkvæmd á
reglugerðum KSÍ um félagaskipti leikmanna og
samninga og stöðu félaga og leikmanna***

Á síðasta ársþingi KSÍ var ákveðið að skipa 5 manna millipinganefnd “sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna. Nefndin gefi skýrslu á næsta ársþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum sem efni standa til.” Sérstaklega var henni falið að gera tillögur um “hvernig háttá skuli samningum og samvinnu milli félaga, sem gera með sér sérstakan samstarfssamning um uppeldi og leikmannaskipti”.

Í millipinganefndina voru skipaðir eftirfarandi:

Lúðvík S. Georgsson KSÍ, formaður
Eggert Þór Kristófersson, Val
og Árni Óðinsson, Þór Ak.

Páll Bragason Stjórnunni
Jón Vigfússon, Haukum

Með nefndinni störfuðu að auki:

Geir Þorsteinsson og Birkir Sveinsson, starfsmenn KSÍ.

Nefndin hélt fjóra bókaða fundi og sendi út eitt dreifibréf til félaganna, þar sem hún bað um ábendingar um það sem betur mætti fara, en fékk ekki mikil viðbrögð ef frá eru taldar óskir um að reglugerð um mögulega venslasamninga sæi örugglega dagsins ljós.

Nefndin leggur fram tillögur um eftirfarandi:

1. Fyrirkomulag samstarfs félaga þ.e. um svokallaða venslasamninga og þær sérstöku heimildir sem félög sem gera slíka samninga fái.
2. Heimild KSÍ til að seinka afgreiðslu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskipta sé að viðkomandi leikmaður sleppi við að taka út leikbann.
3. Viðbótargrein í samningsform sem miða að því að skerpa á því að ágreiningsmál um samninga séu leyst innan hreyfingarinnar.
4. Heimildir til að leggja mál í gerð við ágreiningsefni um samninga og túlkun þeirra verði þrengdar til að koma í veg fyrir misnotkun á ákvæðinu.
5. Að í framtíðinni verði að leggja allan leikmannssamninginn inn við skráningu, þ.e. bæði staðalform og fylgiskjöl. Ákvæðið nái yfir samninga sem gerðir eru frá og með 1. janúar 2002.
6. Að millipinganefnd starfi áfram að þessum málum.

Nefndin telur að með þessum tillögum komi hún eftir megni til móts við mikilvægustu málin sem upp hafi komið á árinu, hjá félögunum og í deilumálum þeirra í milli. Hún vill jafnframt benda á eftirfarandi:

1. Lagt er til að ákvæðin um venslasamninga gildi aðeins í eitt ár, og komi svo aftur upp á ársþingi KSÍ árið 2002 að fenginni þessari reynslu til umræðu og staðfestingar, eða höfnunar.

2. Aftur er lagt til að öll fylgiskjöl skuli fylgja samingum við skráningu, en þó ekki fyrr en frá 1. janúar 2002, en þá hafa félögin fengið tveggja ára aðlögun að þessu frá því að upphaflega tillagan leit dagsins ljós. Á síðasta ársþingi KSÍ var þessu máli vísað til stjórnar sem vísaði því aftur til nefndarinnar. Haustið 2001 mun stjórn KSÍ kynna félögunum tillögur um hvernig hún ætlar að standa að vörslu fylgiskjalanna til að tryggja að fyllsta trúnaðar sé gætt. Samsvarandi reglur gilda í öllum nágrannalöndum okkar og þeirra er krafist að hálfu FIFA.

Millipinganefndin

I Tillaga um fyrirkomulag venstrasamninga og sérstök réttindi félaga sem gera slíka samstarfssamninga:

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna
og
reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna**

Lagt er til að nýr kafli um venstrasfélög komi inn í Reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna, sem yrði kafli F, en eftirfarandi kaflamerkingar breytist samkvæmt því. Hann hljóði þannig:

F. VENSLAFÉLÖG

1. Félag, sem leikur í annarri af efstu tveimur deildum karla, og félag, sem leikur í annarri af neðstu tveimur deildunum geta gert með sér svokallaðan venstrasamning. Þá getur félag sem leikur í 2. deild karla einnig gert venstrasamning við félag sem leikur í 3. deild. Markmiðið er að skapa vettvang og samvinnu milli félaga, einkum varðandi notkun leikmanna og/eða uppeldi þeirra sem báðir aðilar sjái sér hag og styrk í, meðal annars með opnari heimildum en ella um félagaskipti milli meistaraflokka karla hjá félögunum
2. Venstrasamningur skal gerður á sérstöku staðalformi frá KSÍ og skráður hjá KSÍ.
3. Félag getur aðeins haft gildan venstrasamning við eitt félag.
4. Gildistími venstrasamnings getur ekki verið skemmri en eitt keppnistímabil. Nýr samningur skal skráður eigi síðar en 1. maí, til að öðlast viðurkenningu á keppnistímabilinu.
5. Félagið, sem leikmaður er samningsbundinn við, kallast móðurfélag leikmanns, hitt félagið er venstrasfélag hans.
6. Venstrasamningur hefur engin áhrif á skyldur samningsfélags og samningsleikmanns gagnvart hvort öðru, og raskar því ekki gagnkvæmri stöðu leikmanns eða móðurfélags.
7. Félag öðlast engan rétt til leikmanns sem það fær frá venstrasfélagi, svo sem tilkall til hlutdeildar í félagaskiptagjaldi eða annars sambærilegs.
8. Sértaekar heimildir félaga varðandi tímabundin félagaskipti leikmanna, sem ávinnast við gerð venstrasamnings, koma fram í kafla B í Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.
9. Ef breytingar verða á stöðu félags í Íslandsmótinu í lok keppnistímabils út fyrir þann ramma sem reglugerðin setur rennur samningur venstrasfélaga sjálfkrafa út.
10. Kafli F gildir aðeins fyrir keppnistímabilið 2001, og fellur úr gildi í lok febrúars 2002.

Jafnframt komi nýr kafli inn í Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, sem yrði kafli B, en eftirfarandi kaflamerkingar endurmerkist samkvæmt því. Kafllinn fjalli um tímabundin félagaskipti leikmanna og ennfremur um sérstakar heimildir venstrasfélaga fyrir tímabundin félagaskipti. Í kaflann flytjast núverandi greinar 5 og 6 í kafla A, og styttist hann sem því nemur, en eftirfarandi greinar í kafla A endurnúmerast. Greinar 5 og 6 verði nú greinar 1 og 2 í nýjum kafla B, en ný grein 3 fjalli svo um sérstakar heimildir venstrasfélaga. Kafli B hljóði þannig:

B. TÍMABUNDIN FÉLAGASKIPTI - FÉLAGASKIPTI MILLI VENSLAFÉLAGA

1. Núverandi grein 5 í kafla A.
2. Núverandi grein 6 í kafla A.
3. Félagaskipti leikmanna, sem fara fram með tilvísun til venslasamnings milli viðkomandi félaga, eru skilgreind sem tímabundin félagaskipti og skulu fram fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar, með einfaldri tilkynningu, sem gerð skal á staðalformi KSÍ um tímabundin félagaskipti, en jafnframt skal koma fram að um sé að ræða félagaskipti á grundvelli samstarfs venslafélaga. Venslasamningur milli félaga veitir þeim sérstakar heimildir til tímabundinna félagaskipta sbr. eftirfarandi en að öðru leyti gilda almennar reglur um félagaskipti sem koma fram í reglugerð þessari:
 - a) Tímabundin félagaskipti á grundvelli venslasamnings geta farið fram allt keppnistímabilið. Þó er ekki heimilt að skrá leikmann í félag, þegar tvær umferðir eru óleiknar í deildarkeppni hjá viðkomandi félagi og til loka keppnistímabils þess.
 - b) Ekki eru takmarkanir á fjölda skipta sem einstakur leikmaður getur farið milli venslafélaga, né lágmarkstími milli þess að einstakur leikmaður fer milli félaga.
 - c) Leikheimild vegna tímabundinna félagaskipta á grundvelli venslafélaga veitir leikmanni aðeins heimild til að taka þátt í leikjum meistaraflokks venslafélags en ekki leikjum yngri flokka.
 - d) Leikmaður, sem hefur verið skráður á leikskýrslu í deildar- eða bikarleik með meistaraflokki félagsins sem leikur ofar í deild, eða er að taka út leikbann í viðeigandi leik, getur ekki fengið leikheimild með neðri deildar félaginu fyrr en eftir næsta leik neðri deildar félagsins.
 - e) Félagi er ekki heimilt að nota fleiri en 4 leikmenn í sama leiknum sem fengið hafa leikheimild með tilvísun til sérheimilda um venslafélög.
 - f) Leikmaður skal taka út refsingu aganefndar hjá því félagi sem hann er, þegar unnið er til hennar. KSÍ er ekki heimilt að gefa út nýja leikheimild til handa leikmanni, sem unnið hefur til leikbanns skv. starfsreglum aganefndar KSÍ fyrr en bann hefur verið tekið út. Ef leikmaður sem skráður er hjá venslafélagi á óúttekið leikbann í lok keppnistímabils, flyst það sjálfkrafa með honum og skal hann taka það út í upphafi næsta keppnistímabils.
 - g) Í lok keppnistímabils flyst leikmaður sjálfkrafa frá venslafélagi til móðurfélag.
 - h) Grein 3 gildir aðeins fyrir keppnistímabilið 2001, og fellur úr gildi í lok febrúars 2002.

Vegna flutnings á greinum 5 og 6 í kafla A yfir nýjan kafla B þarf að umorða greina A4. Fyrstu setningar hennar hljóði þannig (breytingar skáletraðar):

4. Hafi leikmaður leikið í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu, getur hann aðeins einu sinni farið fram á félagaskipti innanlands til og með 31. júlí. *Ákvæði um tímabundin félagaskipti veita þó rýmri heimildir, sbr. kafla B.*

----- 0 -----

II Tillaga um heimild skrifstofu KSÍ til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna sé sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann (í byrjun keppnistímabils) sem hann hefur áður verið dæmdur í:

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna**

Lagt er til að í kafla A í félagaskiptum innanlands komi ný grein 9 (miðað við núverandi númeringu), sem hljóði þannig:

9. *Skrifstofa KSÍ hefur heimild til að seinka útgáfu keppnisleyfis, ef ástæða er til að ætla að tilgangur félagaskiptanna hafi verið sá að viðkomandi leikmaður komist hjá því að taka út leikbann, sem hann hefur áður verið dæmdur í.*

----- 0 -----

III Tillaga um að skerpa á því í samningum að leikmenn og félög gangist undir það að ágreiningsefni séu leyst innan hreyfingarinnar:

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Lagt er til að eftirfarandi setningum verði bætt við fremst í málsgreinum c í almennum ákvæðum allra samningsforma, þ.e. fremst í málsgrein I.3.c, J.3.c og K.3.c. sem hljóði þannig:

- c. *Báðir aðilar gangast undir að virða lög og reglugerðir KSÍ í hvívetna. Ef ágreiningsefni koma upp um túlkun eða gildi samningsins, skal fara með málið samanber eftirfarandi:*

----- 0 -----

IV Tillaga um að heimildir til að leggja ágreiningsmál í gerð verði þrengdar, þannig að hægt sé að skera á einfaldari hátt úr málum, sem augljóslega eiga ekkert erindi í slíka meðferð, eða vísa þeim frá ef ástæða þykir til:

**Tillaga um breytingu á
reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna**

Lagt er til að grein F.8 verði aukin og umorðuð og hljóði nú þannig (efnislegar breytingar skáletraðar):

Ef ágreiningsefni koma upp milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum er aðilum heimilt að sækja um að skipaður sé gerðardómur til leysa úr ágreiningi. Umsókn um slíkt skal lögð fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ, sem tekur afstöðu til ágreiningsefnisins og úrskurðar í málinu ef hún telur að ákvæði séu skýr og niðurstaða einhlít, eða að fordæmi séu til staðar, og því ekki ástæða til að kalla til gerðardóm. Ella vísar nefndin ágreiningsmálinu í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm. Ef ágreiningurinn er milli félags og leikmanns vegna túlkunar á samningsatriðum leikmannssamnings skal dómstóll KSÍ skipa oddamann, en sé ágreiningur vegna túlkunar á samningsatriðum sambandssamnings eða uppeldissamnings skal samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skipa oddamann. Niðurstaða um ágreiningsefnið er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila

Þá er lagt til að núverandi samhljóða greinar I.3.c og K.3.c. hljóði þannig (efnislegar breytingar skáletraðar) (athugið, breyting skv. fyrri breytingartillögu kæmi framan við þetta):

Leikmenn í meistaraflokki skipa tvo menn úr sínum hópi og stjórn félagsins skipar tvo menn úr sínum hópi í nefnd sem sker úr ágreiningsefnum sem kunna að koma upp vegna samnings þessa. Ef ekki næst samkomulag á þennan hátt getur hvor aðili fyrir sig lagt málið fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ með beiðni um að skipaður sé gerðardómur til lausnar ágreiningsefninu. Nefndin úrskurðar í málinu ef hún telur að ákvæði séu skýr og niðurstaða einhlít, eða að fordæmi séu til staðar, og því ekki ástæða til að kalla saman gerðardóm. Ella vísar nefndin ágreiningsmálinu í gerð, sbr. lög nr. 53 frá

1989. *Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm, en samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ skipa oddamann, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Niðurstaðan er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.*

Og loks er lagt til að núverandi grein J.3.c hljóði þannig (efnislegar breytingar skáletraðar) (hér kæmu einnig setningar framan við sbr. fyrri breytingartillögu):

Leikmenn í meistaraflokki skipa tvo menn úr sínum hópi og stjórn félagsins skipar tvo menn úr sínum hópi í nefnd sem sker úr ágreiningsefnum sem kunna að koma upp vegna samnings þessa. *Ef ekki næst samkomulag á þennan hátt getur hvor aðili fyrir sig lagt málið fyrir samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ með beiðni um að skipaður sé gerðardómur til lausnar ágreiningsefninu. Nefndin úrskurðar í málinu ef hún telur að ákvæði séu skýr og niðurstaða einhlít, eða að fordæmi séu til staðar, og því ekki ástæða til að kalla saman gerðardóm. Ella vísar nefndin ágreiningsmálinu í gerð, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Skal hvor aðili þá skipa einn mann í gerðardóm, en dómstóll KSÍ skipa oddamann, sbr. lög nr. 53 frá 1989. Niðurstaðan er endanleg og bindandi fyrir báða deiluaðila.*

----- 0 -----

V Tillaga um að afrit af fylgiskjölum samninga skuli fylgja þeim við skráningu. Tillagan taki gildi frá og með 1. janúar árið 2002 og nái yfir samninga sem gerðir eru eftir þann tíma. Stjórn KSÍ skal kynna félögunum haustið 2001 hvernig staðið verður að vörslu fylgiskjalanna til að tryggja að fyllsta trúnaðar verði gætt:

Tillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um samninga og stöðu félaga og leikmanna

Í grein C3 bætist við skáletruðu orðin:

Félag, sem gerir leikmannssamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform leikmannssamnings *ásamt öllum fylgiskjölum* til skráningar.

Í grein D2 bætist við skáletruðu orðin:

Félag, sem gerir sambandssamning við leikmann, skal senda skrifstofu KSÍ undirritað staðalform sambandssamnings *ásamt öllum fylgiskjölum* til skráningar.

Í grein F2 bætist við skáletraða setningin:

.... skráningu á þeim. *Sérhverjum samningi skal fylgja afrit af öllum fylgiskjölum hans (gildir fyrir samninga sem gerðir eru frá og með 1. janúar 2002). Áður en*

Í setningu neðst í greinum I4, J4 og K4 bætist við skáletruðu orðin:

Minnt er á að samningurinn *ásamt fylgiskjölum* skal skráður.....

----- 0 -----

VI Gerð er tillaga um að millipinganefnd um þessi mál starfi áfram:

Tillaga um millipinganefnd

Ársþing KSÍ samþykkir að fela stjórn KSÍ að skipa 5 manna millipinganefnd sem fylgist með framkvæmd reglugerða KSÍ um félagaskipti leikmanna og samninga og stöðu félaga og leikmanna og skoði sérstaklega reynslu af fyrirkomulagi venslasamninga. Reikna má með að töluvert gerist á

erlendum vettvangi í þessum málum á næstu mánuðum, sem haft getur mikil áhrif á stöðu okkar. Nefndin gefi skýrslu um stöðuna á næsta ársþingi KSÍ og tillögur til breytinga á þeim ákvæðum reglugerðanna sem efni standa til.

Millipinganevndin

Tillögunni var vísað til allsherjarnefndar.

- Álit allsherjarnefndar flutti Páll Bragason.
- Nefndin lagði til að tillagan á þingskjali 10 væri samþykkt með eftirfarandi orðalagsbreytingum.

I Nefndin leggur til að lok greinar A1 hljóði svo:

... skrifstofu KSÍ, sbr. A5 og greinar B1, B2 og B3 hér að neðan

I Nefndin leggur til að við bætist í grein B3 a) fyrir aftan „í deildarkeppni“ eftirfarandi texti:

„, , eða riðlakeppni 3. deildar þegar við á,“

V Nefndin leggur til eftirfarandi viðbót við tillöguna í F2 strax á eftir „(..frá og með 1. janúar 2002)“: Stjórn KSÍ skipar sérstakan trúnaðarmann um vörslu fylgiskjalanna, sem er ábyrgur fyrir því að fyllsta trúnaðar og öryggis sé gætt við vörslu þeirra á vegum KSÍ.

- **Tillagan á þingskjali 10 var samþykkt samhljóða með breytingum allsherjarnefndar.**

Þingskjal 11

- Framsógu hafði Ólafur Már Sigurðsson.

Tillaga um ályktun um fjölgun knattspyrnumóta

KSÍ skuldbindur sig til að bjóða upp á B-liða, C-liða og D-liða keppni, í formi undankeppni og úrslitakeppni, með sömu þátttakendatölu og gert er í A-liðum allra flokka.

Rökstuðningur:

Nú býður KSÍ upp á A-liða keppni 11 manna liða með úrslitakeppni í 2. flokki kvenna, 3. flokki kvenna, 3. flokki karla og 4. flokki karla.

B-liða mót 11 manna hafa litla þýðingu nema að til úrslitakeppni verði stofnað og 7 manna mót þjóna litlum liðum sem ekki ná að manna eitt 11 manna lið.

KSÍ gæti jafnvel boðið upp á sér keppni fyrir 11 manna B-lið þessara flokka (t.d. í fjölíðamóti um helgi) sem annan valkost.

Þetta myndi hefjast frá og með næsta sumri, 2001 sem tilraun til endurskoðunar á næsta ársþingi.

5. flokkur hefur nú aðeins úrslitakeppni fyrir A- og B- lið, að sjálfsögðu eiga að vera úrslit fyrir C- og D-lið líka.

Valur

Tillögum var vísað til leikreglnanefndar.

- Álit leikreglnanefndar flutti Björn Friðþjófsson.

Nefndin lagði til að tillögunni á þingskjali 11 væri vísað til mótanefndar.

- Siguður Már Ólafsson tók til máls og vildi að stjórn KSÍ yrði opin fyrir auknum verkefnum.
- Gunnlaugur Hreinsson tók til máls og fjallaði um framkvæmd móta.

Samþykkt var samhljóða að vísa tillögunni á þingskjali 11 til mótanefndar KSÍ.

Þingskjal 12

- Framsógu hafði Eggert Magnússon.

Tillaga um ályktun um fargjöld Flugfélags Íslands

Árþing KSÍ haldið í Reykjanesbæ 10. og 11. febrúar lýsir yfir óánægju sinni með mikla hækkun flugfargjalda hjá Flugfélagi Íslands sem ótvírætt mun gera rekstur knattspyrnufélaga erfiðari. Árþingið felur stjórn KSÍ að óska eftir viðræðum við Flugfélag Íslands um endurskoðun þessarar hækkunar og þjónustu félagsins við knattspyrnuhreyfinguna.

Stjórn KSÍ

Þar sem tillagan barst ekki með tilhlýðilegum fyrirvara var gengið til atkvæðagreiðslu um það að hún yrði tekin á dagskrá. Var það samþykkt.

Tillögunni var vísað til laganefndar.

- Álit laganefndar flutti Guðjón Guðmundsson.

Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan á þingskjali 12 var samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Eggert Magnússon afhenti Breiðablik kvennabíkarinn.

Eggert Magnússon afhenti Drago stytturnar, til Fylkis í Landssímadeildinni og til FH í 1. deild karla.

Kosningar

- Álit kjörnefndar flutti Viðar Halldórsson.

Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:

Nefndin gerir tillögu um eftirtalda í aðalstjórn til tveggja ára og voru þeir sjálfkjörnir.

Ágúst Ingi Jónsson, ÍBR
Björn Friðþjófsson, UMSE
Eggert Steingrímsson, ÍBR
Halldór B Jónsson, ÍBR

Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerir tillögu um eftirtalda sem aðalfulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Jakob Skúlason	UMSB
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson	UMSS
Austurland	Guðmundur Ingvason	UÍA
Suðurland	Jóhann Ólafsson	ÍBV

Kosning til varastjórnar til eins árs:

Nefndin gerir tillögu um eftirtalda í varastjórn til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Einar Friðþjófsson	ÍBV
Jóhannes Ólafsson	ÍBV
Þórarinn Gunnarsson	ÍBR

Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs:

Nefndin gerir tillögu um eftirtalda sem varafulltrúa landshluta til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Vesturland	Elías Jónatansson	HSB
Norðurland	Aðalsteinn Sigurgeirsson	ÍBA
Austurland	Valgeir Kjartansson	UÍA
Suðurland	Páll Leó Jónsson	HSK

Kosning fulltrúa á íþróttaping KSÍ:

Nefndin leggur til að skipun fulltrúa á íþróttaping verði vísað til stjórnar og var það samþykkt.

Kosning skoðunarmanna KSÍ:

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Þórður Þorkelsson

Kosning í dómstól KSÍ:

Kjörnefnd gerði tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ til 1. júní 2001 og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Gestur Jónsson Lúðvík Örn Steinarsson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jens Sumarliðason

Kosning í sérdómstóla KSÍ:

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda í sérdómstóla KSÍ til 1. júní 2001 og voru þeir sjálfkjörnir.

Reykjanes

Halldór Frímansson, Mosfellsbæ
Ásbjörn Jónsson, Garði
Gunnlaugur Magnússon, Hafnarfirði
Lárus Blöndal, Garðabæ (til vara)
Gunnar Vilbergsson, Grindavík (til vara)
Kári Gunnlaugsson, Keflavík (til vara)

Vesturland

Gísli Gíslason, Akranesi
Ingi Tryggvason, Borgarnesi
Friðrik Friðriksson, Grundarfirði
Eyjólfur Torfi Geirsson, Borgarnesi (til vara)
Eiríkur Ólafsson, Borgarnesi (til vara)
Pétur Kristinsson, Stykkishólmi (til vara)

Vestfirðir

Björn Jóhannesson, Ísafirði
Bjarni Stefánsson, Hólmavík
Magnús Hansson, Bolungarvík
Haraldur Jónsson, Hólmavík (til vara)
Valdimar Gunnarsson, Bíldudal (til vara)
Jón Ólafsson, Hólmavík (til vara)

Norðurland vestra

Halldór Halldórsson, Sauðárkróki
Stefán Ólafsson, Blönduósi
Hörður Júlíusson, Siglufirði
Jón Guðbjörnsson, Hvammstanga (til vara)
Páll Ragnarsson, Sauðárkróki (til vara)
Kristinn Guðmundsson, Stað Hrutafirði (til vara)

Norðurland eystra

Arnar Sigfússon, Akureyri
 Ingólfur Freysson, Húsavík
 Kristján Sigurðsson, Hauganesi
 Baldur Dýrfjörð, Akureyri (til vara)
 Þorsteinn Þorvaldsson, Ólafsfirði (til vara)
 Gunnar Kárason, Akureyri (til vara)

Austurland

Hilmar Gunnlaugsson, Egilsstöðum
 Albert Eymundsson, Höfn
 Valgeir Kjartansson, Reyðarfirði
 Guðmundur Bjarnason, Neskaupstað (til vara)
 Aðalbjörn Björnsson, Vopnafirði (til vara)
 Sigurjón Bjarnason, Egilsstöðum (til vara)

Suðurland

Sigurður Sigurjónsson, Selfossi
 Sigmundur Stefánsson, Selfossi
 Birgir Sveinsson, Vestmanneyjum
 Magnús Bragason, Vestmannaeyjum (til vara)
 Þórarinn Ingólfsson, Selfossi (til vara)
 Ólafur Jónsson, Vestmannaeyjum (til vara)

Millipinganevnd:

Nefndin leggur til að vísa skipun í nefndina til stjórnar KSÍ og var það samþykkt.

Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ frá 1. júní 2001 :

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ frá 1. júní 2001 og voru þeir sjálfkjörnir.

Aðalmenn	Jón Steinar Gunnlaugsson Jón Gunnar Zoëga Guðmundur Jónsson
Varamenn	Gestur Jónsson Lúðvík Örn Steinarsson Guðmundur Þórðarson Helgi V. Jónsson Jóhannes Albert Sævarsson

Kosning í dómstól KSÍ frá 1. júní 2001:

Kjörnefnd gerir tillögu um eftirtalda í dómstól KSÍ frá 1. júní 2001 og voru þeir sjálfkjörnir.

Ásbjörn Jónsson
 Gunnar Guðmundsson
 Halldór Frímannsson
 Halldór Halldórsson
 Hilmar Gunnlaugsson

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir.

Viðar Halldórsson, formaður
Stefán Gunnlaugsson
Páll Bragason

Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**Þingslit (11. febrúar kl. 12:00):**

Eggert Magnússon formaður KSÍ þakkaði þingfulltrúum góð störf og hvatti þá til dáða á komandi starfsári. Hann óskaði Ómar Braga Stefánssyni til hamingju með kjör sem landshlutafulltrúi og jafnframt óskaði hann öðrum stjórnarmönnum til hamingju með endurkjör. Hann þakkaði þingforsetum og þingritara fyrir góð störf og óskaði þingfulltrúum gæfu og gengis í verkefnum ársins. Að svo loknu sleit Eggert Magnússon, formaður KSÍ, 55. ársþingi sambandsins.

Ellert Eiríksson
1. þingforseti

Ingvi Guðmundsson
1. þingritari

Skúli Skúlason
2. þingforseti

Klara Bjartmarz
2. þingritari